

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 4. júní 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Heilsugæslustöð á Skagaströnd.**

Fyrir fundinum lá tillaga að húsrýmisáætlun byggð á frumtillögu og ráðgjöf Heilbrigðisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að nýbygging heilsugæslustöðvarinnar muni standa á austurhluta lóðar Sæborgar og tengjast dvalarheimilinu með glerjuðum gangi. Samtals er áætlað að heildarflatarmál stöðvarinnar verði 435 m<sup>2</sup>.

Fyrir fundinum lá einnig minnisblað um samráðsfund heimamanna og arkitekts sem haldinn var 22. maí sl. Þar voru lagðar fram grunnmyndarteikningar og afstöðumynd af stöðinni.

Umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og ákveðið að hreppsnefnd beiti sér fyrir því að framkvæmdir geti hafist.

**2. Grunnskólinn:**

a) Tillaga að kennslukvóta skólaárið 2003-2004.

Fyrir fundinum lá tillaga að kennslutímafjölda sem skólastjóri hafði áður lagt fram í skólanefnd. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir 336 kennslustundum í almenna kennslu, 60 kennslustundum vegna sérkennslu, 10 kennslustundum vegna sérúrræða og 8 kennslustundum vegna heimanámstíma og skiptitíma. Auk þess er gerð tillaga um hlutastörf við bókasafn, sérkennslu, tölvuumsjón og stuðningsfulltrúa. Hreppsnefnd yfirfór fyrirbyggjandi gögn og eftir talsverðar umræður var ákveðið að óska frekari upplýsinga um málið.

b) Ráðning aðstoðarskólastjóra.

Tekinn var fyrir ráðning aðstoðarskólastjóra til eins árs þar sem Ólafur Bernóðsson hefur fengið ársleyfi frá störfum við skólann. Samkvæmt fundargerð skólanefndar dags. 31. maí sl. eru umsækjendur um stöðuna fjórir. Fyrir fundinum lá bréf Ingibergs Guðmundssonar, skólastjóra þar sem hann mælir með Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra. Einnig lá fyrir bókun skólanefndar þar sem einnig er mælt með Dagnýju í stöðuna. Hreppsnefnd samþykkti með 4 samhljóða atkvæðum að ráða Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur í stöðuna.

c) Fundargerð skólanefndar 12. maí 2003.

Fundargerðin var samþykkt með þeirri athugasemd að frestað var afgreiðslu kennslukvóta sbr. lið 2a.

d) Fundargerð skólanefndar 31. maí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

**Atvinnuátaksverkefni sumarið 2003.**

Fyrir fundinum lá umsókn sem sveitarstjóri sendi Svæðisvinnumiðlun um atvinnuátaksverkefni á vegum Höfðahrepps árið 2003. Sótt var um 6-10 störf í þrjá mánuði. Einnig lá fyrir bréf vinnuálastofnunar dags. 30. maí sl. þar sem greint er frá niðurstöðu stjórnar

Atvinnuleysistryggingasjóðs um atvinnuátaksverkefnið. Þar kemur fram að samþykkt eru 9 störf í þrjá mánuðu. Samkvæmt áætlun sem gerð var vegna umsóknarinnar var áætlaður kostnaður við verkefnið 3,9 milljónir króna en á móti kæmi framlag atvinnuleysistryggingasjóðs. Fram kom í

umræðum um málið að hreppsnefnd taldi kostnaðaráætlun of háa miðað við umfang verkefna og laun starfsmanna.

Samþykkt að koma átaksverkefninu af stað.

### 3. Bréf:

a) *Kjartans Lárussonar, dags. 25. apríl 2003.*

Í bréfinu er óskað eftir afstöðu Höfðahrepps til þátttöku í Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi.

Hreppsnefnd var ekki tilbúin að taka þátt í verkefninu að svo komnu máli og samþykkti að taka málið til endurskoðunar við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

b) *Sjóvá-Almennra trygginga, dags. 16. maí 2003..*

Í bréfinu er óskað eftir að félagið fái tækifæri til að gera tilboð í váttryggingar sveitarfélagsins.

Samþykkt að bjóða út váttryggingar sveitarfélagsins og var sveitarstjóra falið að ganga frá uppsögn trygginga og útboði á þeim.

c) *Styrktarsjóðs EBÍ, dags.. 28. maí 2003.*

Í bréfinu er kynntur tilgangur styrktarsjóðsins og boðið að senda umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins.

Samþykkt að sækja um stuðning við endurbyggingu Bjarmaness.

### 4. Fundargerðir

a) Byggingarnefndar, 28. maí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Leikskólanefndar, 27. maí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Verkfundar um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu, 30. maí 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra 13. maí 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

### 5. Önnur mál.

Oddviti ræddi um að borgarafundi sem halda átti í byrjun júní hafi verið frestað þar sem ársreikningur lá ekki fyrir. Ákveðið að halda fundinn svo fljótt sem við verður komið.

Flaira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17<sup>55</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir